



Tónlistarástríða yfir Atlantshafið



Edinburgh Open Orchestra og Sinfóníuhljómsveit áhugamanna:

Tónleikar

í Norðurljósum Hörpu
sunnudaginn 18. maí 2025 klukkan 16

Stjórnendur: Andrew Lees og Oliver Kentish
Einleikari á fiðlu: Andrew Lees

Efnisskrá:

Aðgangseyrir er kr. 4000, miðar á tix.is

Efnisskrá:

Tom Cunningham:

Land of fire and water
(frumflutningur á Íslandi)

Antonin Dvořák:

Rómansa

Hlé

Antonin Dvořák:

Sinfónía nr. 8 í G-dúr, ópus 88

Allegro con brio

Adagio

Allegretto grazioso

Allegro ma non troppo

Um tónverk og höfunda:



Tom Cunningham

Thomas Cunningham (1946-2023) fæddist í Edinborg en lærði tónsmíðar og hljómsveitarstjórn við Morley College í London. Hann starfaði um árabíl í Belgíu við kórstjórn og tónsmíðar en fluttist heim til Edinborgar árið 2003. Tónsmíðar hans hafa verið fluttar afkórum og hljómsveitum víða um heim. Af tónsmíðum hans má nefna „A Tapestry of Many Threads“ sem hann samdi ásamt rithöfundinum Alexander McCall Smith, og óperuna „The Okavango Macbeth“ sem frumflutt var í Botswana 2009 og síðan sett upp í Edinborg, Cambridge og Höfðaborg. Síðasta verk sem hann samdi var „Cantata for Peace“ sem var frumflutt skömmu fyrir andlát hans 2023. Tom gerðist félagi í Open Orchestra eftir að hann flutti til Edinborgar og lék þar á selló. Þegar hugmyndin um Íslandsheimsóknina kom upp 2019 var það honum hvatning til að semja tónverkið „Land of Fire and Water“ til flutnings í tengslum við ferðalögin. Hann átti góðar minningar frá heimsókn til Íslands þegar dóttir hans vann hér um skeið. Í huga hans voru eldfjöll, jöklar, bráðnandi ís, fossar og hverir. Verkið átti að frumflytja í Edinborg 28. mars 2020. Skemmst er frá því að segja að fimm dögum fyrir frumflutninginn var sett á samkomubann vegna heimsfaraldursins. Var því öllu slegið á frest. Frumflutningur verksins fór fram í í Canongate Kirk í Edinborg í desember 2022 og Íslandsheimsóknin er loks núna orðin að veruleika. Heimsókn Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna til Edinborgar er á dagskrá í haust.

Yrkisefni tónverksins gefur tilefni til að velta vöngum yfir sameiginlegri eldvirkniarfleifð Skotlands og Íslands. Fyrir meira en 60 milljón árum var Norður Atlantshaf ekki til. Meginlönd Bretlands, Skandinavíu og Grænlands lágu þétt saman. Íslenski heiti reiturinn, sá sem nú fóðrar eldvirkni Íslands, byrjaði að láta til sín taka um þessar mundir. Nokkrar eldstöðvar urðu virkar á svæðinu og meginlöndin tók að reka í sundur. Þessar fyrstu virku eldstöðvar íslenska heita reitsins eru núna í Skotlandi. Fjöllin eru að mestu rofin niður í rætur og þar má sjá innviði þessara gömlu eldstöðva. Fræðimenn fara því til Skotlands til að rannsaka hvernig íslenskar eldstöðvar eru að innanverðu.



Antonín Dvořák

Antonín Dvořák (1841-1904) ólst upp í sveitaþorpi 30 km norðan við Prag í Tékklandi og var þjóðlagahefðin honum í blóð borin og setti mark sitt á verk hans alla tíð. Hann var sonur slátrara og aðstoðarmaður föður síns. En auk þess lagði hann stund á tónlist, lék á orgel, fiðlu og víólu. Nítján ára gamall lék hann í leikhúshljómsveit Bæheims undir stjórn Smetana. Kennsla og tónsmíðar urðu helstu viðfangsefni hans og þar varð frami hans skjótur. Hann hlaut heiðursdoktorsnafnbót við Háskólana í Prag og Cambridge. Honum var boðið til Bandaríkjanna 1892 þar sem hann dvaldi í þrjú ár og stýrði National Conservatory in New York. Heimþráin togaði hann heim til Prag og þar tók hann við stjórn Tónlistarháskólans 1901.

Dvořák samdi **Rómönsuna í f-moll** eftir pöntun og var hún flutt fyrst 1877. Verkið byggir á hæga kaflanum úr strengjakvartett nr. 5, sem var saminn nokkrum árum fyrr, þegar tónskáldið var enn lítið þekkt. Kvartettinn var hvorki fluttur á tónleikum né gefinn út á prenti fyrr en eftir lát tónskáldsins. Dvořák átti raunar nokkuð erfitt uppdráttar fram eftir aldri og þurfti að bíða eftir verðugri viðurkenningu. Hún kom reyndar 1873 þegar hann lagði fram fimmtán af nýjustu verkum sínum í keppni um Austurísku tónlistarverðlaunin og hreppti fyrstu verðlaun. Í dómnefndinni sat þá meðal annarra Johannes Brahms. Hann var þá stærsta nafnið í tónlistarlífi Vínarborgar. Verkin fengu lofsamlega umsögn og frægðarsól Dvořáks reis hratt, því hann vann verðlaunin næstu þrjú árin í röð.

Merkustu verk hans má vafalaust telja **sinfóníurnar nr. 8** og 9, og eru þær ásamt sellókonsertinum þau verk sem oftast eru flutt. Sinfóníuhljómsveit áhugamanna hefur flutt 8. sinfóníuna nokkrum sinnum áður, meðal annars í Philharmonie í Berlín ásamt Orchester Berlin Musikfreunde í heimsókn SÁ til Berlínar í september 2008.

Um flytjendur:

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna var stofnuð haustið 1990 og hefur starfað óslitið síðan. Hljómsveitin á því 35 ára starfsafmæli um þessar mundir. Aðalhvatamenn að stofnun sveitarinnar voru Jón Nordal og Ingvar Jónasson, og var Ingvar aðalstjórnandi og listrænn leiðtogi hennar fyrstu 15 árin. Í hljómsveitinni leika hljóðfæraleikarar sem flestir hafa atvinnu af öðru. Hún er einnig vettvangur nemenda og tónlistarkennara til að iðka tónlist. Hljómsveitina skipa að jafnaði 40-60 manns, en miklu fleiri hafa leikið með henni í lengri eða skemmri tíma. Hljómsveitin æfir eitt kvöld í viku á tímabilinu september-maí, og starfið er ólaunað. Sveitin heldur 5-7 tónleika á ári, en auk þess kemur hljómsveitin fram við ýmis tækifæri. Fjöldi þekktra, íslenskra einleikara og einsöngvara hefur komið fram með hljómsveitinni og hún hefur átt samstarf við marga kóra. Nú í vetur flutti hún til dæmis Missa nr. 9 eftir Heinrichen ásamt Kammerkór Seltjarnarneskirkju og H-moll messu Bachs með Kór Neskirkju. Hljómsveitin hefur gefið út þrjá hljómdiska með leik sínum og einnig tekið þátt í gerð kvikmynda. Aðalstjórnandi og listrænn leiðtogi síðustu tvo áratugina er Oliver Kentish.

Edinburgh Open Orchestra er áhugamannahljómsveit með líku sniði og Sinfóníuhljómsveit áhugamanna. Sögu henna má rekja til áttunda áratugar síðustu aldar. Hún byrjaði sem skóla- og hverfishljómsveit en skipti um nafn 1994 og færði út kvíarnar. Í hljómsveitinni leika hljóðfæraleikarar með mismunandi bakgrunn og færni. Líkt og Sinfóníuhljómsveit áhugamanna er hljómsveitin „opin“ í þeim skilningi að ekki eru haldin áheyrnarpróf við inngöngu. Æfingar eru einu sinni í viku. Hljómsveitin leggur sérstaka rækt við að flytja tónverk eftir tónskáld á heimaslóð. Verk eftir fyrsta aðalstjórnanda sveitarinnar, David Crisp, hafa oft verið á efnisskránni. Tom Cunningham, höfundur fyrsta verksins á okkar efnisskrá í dag, var sellóleikari í hljómsveitinni um árabil. Núverandi stjórnandi hljómsveitarinnar, Andrew Lees, hefur verið listrænn leiðtogi hennar síðan 2006.

Samstarf opnu hljómsveitanna tveggja hefur verið á dagskránni síðan 2020. Af alkunnum ástæðum varð að fresta gagnkvæmum heimsóknnum til Reykjavíkur og Edinborgar. Faraldurinn hamlaði mjög starfsemi hljómsveitanna auk þess sem ferðalög urðu nánast óframkvæmanleg. Nú hefur hagurinn vænkast verulega. Báðar hljómsveitirnar hafa endurheimt styrk sinn og gott betur. Open Orchestra kemur í afmælisheimsókn til Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna og við endurgjöldum heimsóknina í haust.

Andrew Lees er aðalstjórnandi Open Orchestra síðan 2006 og er hér einnig einleikari í Rómönsu Dvoráks. Hann ólst upp í Edinborg en á að baki langan feril sem víóluleikari, m.a. í Hallé-hljómsveitinni í Manchester og BBC Philharmonic Orchestra. Eftir að hann flutti til baka til Edinborgar hefur hann einbeitt sér að fiðlunni ásamt útsetningum, kennslu og hljómsveitarstjórn. Auk Open Orchestra hefur hann stjórnað nokkrum óperu- og leikhúsuppfærslum.

Hljómsveitin í dag er skipuð þannig *(nöfn í stafrófsröð):*

1. fiðla

Ásta Óskarsdóttir
Elísabet Vala Guðmundsdóttir
Helga R. Óskarsdóttir
Irina Ovchinnikova
Jelena Kuzminova
Martin Frewer
Paula Jacobs
Páll Ingvarsson
Vala Tryggvadóttir
Vera Steinsen
Yasney Rojano Cruz

2. fiðla

Anna Bryan
Auðbjörg Ingvarsdóttir
Ágústa Jónsdóttir
Drífa Örvarsdóttir
Eilídh Jeffrey
Emily Lancaster
Helga Andrésdóttir
Hilda Sim
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Kate Nichols
Rannveig Anna
Guðmundsdóttir
Rebecca Lawrence
Runólfur Jóhannsson
Simon Selinar

Víóla

Elín Björk Jónasdóttir
Graeme Trousdale
Sigita Siciuniene
Stephen Carter
Súsanna Friðriksdóttir
Yvonne Berg

Selló

Anna Jórunn Stefánsdóttir
Árni Inaba Kjartansson
Morag Sherriffs
Páll Einarsson
Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir
Siun Whyte
Sophie Bennett
Yana Prykodko

Kontrabassi

Dean Ferrell
Elizabeth Thompson
Kjartan Guðnason
Olivia DeAngelis
Richard Tipper

Flauta

Bolli Þórsson
Kistrún Helga Björnsdóttir

Óbó

Gillian Price
Guðrún Másdóttir
Ian Thompson
Sverrir Guðmundsson

Klarinett

Lilja Sól Helgadóttir
Peter Robertson

Fagott

Austin Flynn
Ginnie Moreton
Kaho Terazono
Katarina Flynn

Horn

Joanne Armstrong
Kjartan Ólafsson
Sarah Moss
Torfi Þór Gunnarsson

Trompet

Jasper Taylor
Jón Hafsteinn Guðmundsson
Steinar Matthías Kristinsson

Básúnur

Alex Bennett
Hallvarður E. Logason
Rolf Gaedeke

Pákur

Eggert Pálsson

Slagverk

Eggert Pálsson
Sverrir Guðmundsson

Hljómsveitirnar þakka Seltjarnarneskirkju, Hagaskóla og Sinfóníuhljómsveit Íslands ómetanlegan stuðning. Sinfóníuhljómsveit áhugamanna nýtur styrks Reykjavíkurborgar til tónleikahalds 2025. The Open Orchestra is grateful to the Dvorak Society for financial support. The society promotes the music of all Czech and Slovak composers and performers, past and present, and their generosity has facilitated this occasion.

